

# Foreldra- og skólaráðsfundur #1

17. nóvember 2020 kl. 15:00

## Mættir eru:

Ásdís Snót Guðmundsdóttir skólastjóri, Kolbrún Matthíasdóttir fulltrúi foreldra, Jónína Helga Sigurðardóttir fulltrúi kennara og Áslaug Helga Traustadóttir fulltrúi kennara, Bartosz Czubaj fulltrúi nemenda og Díana Sól Jakobsdóttir fulltrúi nemenda, Agnieszka Krupa fulltrúi starfsfólks skólans.

**Fjarverandi eru:** Gerður Sveinsdóttir fulltrúi foreldra.

**Fundaritari:** Jónína Helga Sigurðardóttir Berg.

## Dagskrá:

- Kynning á skólaráði og hlutverki þess.
- Boðun funda, dagskrá, fundarritun og fundartími (í upphafi kjörtímabils).
- Skipan og verkefni skólaráðs (nýir fulltrúar/ upphaf kjörtímabils)
- Kosning fulltrúa grenndarsamfélagsins
- Starfsáætlun skólaráðs
- Starfsáætlun Patreksskóla
- Áætlun um sérkennslu
- Eineltisáætlun
- Gengið um skólann og skoðað hvað er gott og hvað þarf að bæta. (sbr. Hlutverk skólaráð í lögum: Fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda).
- Fjárhagsáætlun næsta árs

Farið yfir skipan skólaráðsins og enginn í 9. bekk vildi sitja í skólaráði í ár og því einungis fulltrúar nemenda í 8. og 10. bekk sem sitja í skólaráði að þessu sinni.

Farið yfir fyrirkomulagið í Teams og allir sáttir við að nota það.

Farið yfir hlutverk skólaráðs og hvert hlutverk þess er. Allir beðnir að kynna sér handbókina um hlutverk skólaráðs og hana er að finna inni á Teams svæði skólaráðs.

Kosinn fulltrúi grenndarsamfélags og lagt er til að Ásdís Ásgeirsdóttir verði beðin að verða fulltrúi þess.

Katrín Vignisdóttir mun sjá um nemendaráð skólans.

Starfsáætlun skólaráðs kynnt og þar kemur fram hvað verður tekið fyrir á þessu skólaári. Allir samþykkir henni.

Starfsáætlun Patreksskóla, farið yfir hana, búið að samþykkja hana nú þegar þar sem skólaráð er að koma saman fyrst núna.

Áætlun um sérkennslu, farið yfir hana. Kennarar hafa nú þegar farið yfir hana og gert athugasemdir ef eitthvað var.

Eineltisáætlun, farið yfir hana. Kennarar hafa nú þegar farið yfir hana og gert athugasemdir ef eitthvað var.

Ákváðum að ganga ekki um skólann en í stað þess ræddum við saman um hvað má bæta og hvað er gott. Ný húsgögn og stólar, klára fótboltavöllinn, klára námsaðstöðuna sem fyrirhugað er að setja fyrir framan lesverið hjá Helgu, nýjar gardínur, hurðar, ípadar, tölvur, laga til fyrir utan, skipulag í stofum- nýjar hirslur. Margt gott búið nú þegar sem búið er að gera, hreinsa út gömul húsgögn og panta smávegis af nýjum, nýjar nemendatölvur fyrir miðstig eru á leiðinni, laga baðherbegi á efri hæð í efri skóla. Lagfæring á nettengingu skólans er í fullum gangi. Búið að kaupa heyrnatól fyrir hvern nemanda á unglíngastigi.

Boðun funda, einn fundur verður haldinn í desember og síðan tveir eftir áramót. Ásdís Snót ætlar að tala við Ásdísi Ásgeirsdóttur og biðja hana að mæta á næsta fund. Reynt verður að hafa fundina á dagvinnutíma. Nemendum í skólaráði bætt í Teams hópinn.

Fjárhagsáætlun, það sem lagt er áherslu á eru húsgögn og fleira sem gerir námsumhverfið hlýlegt og notalegt, tölvu og tæknibúnað fyrir nemendur og starfsfólk, elsdhúsinnrétting á kaffistofu starfsmanna, salerni á neðri hæð efri skóla.

Önnur mál: fulltrúar nemenda tala um að það vanti fleiri sæti á unglíngagang og fleiri fjöltengi með langri snúru sem hægt er að nota í skólastofunni. Ásdís segir að það sé auðleyst að panta fjöltengi strax.

**Fundi slitið kl: 15:40**